

SAMBAND VIÐ MARS

I

Nú í sumar var í tímaritinu *Revue des deux mondes*, grein eftir nafnkunnan franskan stjörnufræðing, Charles Nordmann, með fyrirsögninni: Förum vér að fá samband við Mars? Taldi Nordmann öll tormerki á, að þetta gæti orðið. En þó er nú svo að sjá, sem samband sé fengið. Enskur læknir, kunnur, dr. Abraham Wallace, skrifar um þetta mjög eftirtektarverða grein í vikublaðið „Light“, 2. sept. þ. á., s. 604. Wallace er formaður í félagi, sem nú um hríð hefir verið að rannsaka samband milli jarðstjarnanna, og varð mér dálítið líkt við að fréttu um þá félagsstofnun, og manni á kvalabekk mundi verða við að fá að vita að hann færi nú bráðum að losna. Og það er alveg sérstaklega skemmtilegt, að félag þetta er stofnað upp úr öðru, sem hét Sálufraeðisfélagið (*Psychological Society*); er það alveg tiltakanlega fagur fyrirboði, að úr slíku félagi skuli hafa orðið samtök til að rannsaka stjörnusamband. Því að það sem sálufraeðina hefir mest vanhagað um, til að komast á þroskaleið, er nú einmitt sambandsþekking, og umfram allt þekking á sambandinu við íbúa annarra stjarna.

Þeir Wallace hafa nú í félagi þessu, með tilstuðlan miðils, fengið samband við Marsbúa, og varð það að samningi, að þeir á Mars skyldu á tilteknum degi og tiltekinni stundu, senda tiltekin þráðlaus skeyti. Höfðu þeir félagsmenn duglegan loftskammtamann sér til aðstoðar. Á tilteknum degi og tiltekinni stundu *komu nú hin tilteknu skeyti*. Á annarri stöð, með öðrum loftskammtamanni, fór á sömu leið, en þó kom þar aðeins hálf hin tiltekna orðsending, af því að mót-tökuvélin bilaði, áður en meira gæti komið.

II

Stórtíðindi eru það, sem hér ræðir um, og ef sönn reynast, — en það virðist, sem erfitt muni að rengja, — þá er óhætt að segja, að ræst hafi spárnar, sem komið hafa fram bæði í austri og vestri, þess efnis, að á þessu ári mundu verða tímamótatíðindi. Og þó væri þetta ekki nema byrjun. Væri þar fyrst á að líta hvað það er merkilegt, að fá svona glögglega staðfest, að maður á annarri stjörnu getur talað af munni miðils hér á jörðu, líkt og verkfræðingurinn Turvey gat talað af munni miðils í nokkurra kílómetra fjarlægð, eins og ég hefi getið um í Nýal. Til þess nú að vita með vissu, hvort nokkur tók eru á að rengja þetta, þarf sjálfsagt að vera lærður í loftsketafræði, og ég er mjög ófróður í þeim efnum. En jafnvel þó að tortryggja mætti hin þráðlausu skeyti, þá þykir mér grein Wallace's afarmerkileg. Hún sýnir, að þarna er flokkur af gáfuðum og menntuðum mönnum, sem hyggur, að með tilstyrk miðils, megi fá samband við íbúa annarrar stjörnu. Og munu menn skilja, hvers vegna mér þykir þá svo mjög fara að vænkast ráðið. Eins og ég hefi oft bent á, bæði í ritgerðum mínum og í bréfum til manna í mörgum löndum, þá eru lýsingar á andaheiminum, sem menn hafa fengið með tilstyrk miðils, alveg eins og verið væri að lýsa lífi á öðrum stjörnum. Og þegar nú gáfaðir menn hafa sjálfir reynt, að samband má fá við íbúa annarrar stjörnu, með tilstyrk miðils, þá geta þessir sömu gáfuðu menn alls ekki komist hjá því, að þeim fari að detta í hug, hvort þessar lýsingar á andaheiminum, séu nú ekki einmitt það, sem þær virðast vera, og fengnar fyrir samband við menn á öðrum stjörnum. Og úr því mönnum fer að hugkvæmast hver muni vera hin rétta leið í þessu mesta máli, þá er skammt til sigurs. Mun þá rætast það, sem spáð hefir verið úr ýmsum áttum, að á þessum árum muni verða stórtíðindi í uppgötvunum. Munu menn sjá, að sönn eru þessi orð, sem ég hefi viðhaft í bréfum mínum eigi allsjaldan — en ég hefi lengi verið að leita að gáfumönnum mjög víða um jörð — every séance is an experiment in interstellar commu-

nication: sérhver miðilfundur er tilraun til sambands við íbúa annarra stjarna.

Fer nú að verða öldin allmjög önnur, en þegar sumir menn vildu virða mér til vitfirringar, er ég fór að skýra frá því fyrst, að ég hefði fundið ráðning þeirrar gátu, sem mannkynið hafði svo lengi reynt sig við, án þess að skilja hvernig ráða skyldi. En spádómarnir um komu heimskennara eru fyrir því, að sú gáta mundi ráðin verða. Er þessu líkt farið og áður hefir verið. Á 16. og 17. öld var spáð mjög um endurkomu Krists. Enginn Kristur kom, en Brúnó kom, og Descartes, og Newton og Leibnitz. Öld þekkingarinnar hófst, þeirrar þekkingar, sem fáviskan hefir svo oft tekið í sína þjónustu, og ekki megnaði að segja mönnum hvað lífið er og til hvers er lifað. En nú má sjá fram á ráðning þeirrar gátu.

Ég veit að hér reynir mjög á íslenska þjóðrækni. Mér er ekki ókunnugt um, að ýmsir andlegir höfðingjar þjóðarinnar, eða þeir, sem fyrir menntunar sakir ættu að vera það, eru litlir vinir mínir; og það er ekki af tómrri eigingirni sem mér þykir það leitt. Gæti menn vel að því, áður en menn hata, hvort það er ekki sannleikurinn, sem þeir hata. Því að með því að hata sannleikann, stofna menn framtíð sinni í hinn mesta voða. Og óvild gagnvart mér, er satt að segja tiltakanlega ógáfuleg. Hin íslenska þjóð hefir aldrei að maklegleikum metin verið fyrr en í mínum ritgjörðum. Og það er svo langt frá því að ég spilli fyrir mönnum, að það er enginn Íslendingur svo frægur, að hann verði ekki mörgum sinnum frægari með mér en móti.

Viðbót. Það er réttara að taka það fram, að þó að ég sjái enga ástæðu til að rengja, að dr. Wallace og þeir félagar, hafi fengið skeyti frá annarri stjörnu, þá er ég ekki alveg viss um, að sú stjarna sé Mars.

Nóv. '24.